

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
63. fundur haldinn á Skriðuklaustri 9. apríl 2014
með stjórn þjóðgarðsins

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir, Jóhann Þórhallsson og Skúli Björn Gunnarsson, Einar Kr. Haraldsson og Þórhallur Þorsteinsson. Jafnframt sátu fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður og Ragna Fanney Jóhannsdóttir. Frá stjórn þjóðgarðsins voru mætt: Hjalti, Böðvar, Eygló, Rósa, Snorri og Sigrún ásamt Þórði framkvæmdastjóra garðsins.

Dagskrá:

1. Starfsemi, þjónusta og annað varðandi austursvæði

Björn Ármann stýrði fundi og setti hann kl. 13.00.

1. Starfsemi, þjónusta og annað varðandi austursvæði

Agnes fór yfir lauslega yfir starfsáætlun á austursvæði og hvernig samráðsfundir hefðu gengið vegna stjórnunar- og verndaráætlunar Krepputungusvæðisins. Hjalti stjórnarformaður hrósaði svæðisráði fyrir gott samráðsferli sem virtist skila sér í jákvæðni.

Starfsemin á austursvæði vex frá ári til árs. Framhald er á samstarfi við Fljótsdalshrepp um landvörslu við Hengifoss. Agnes sagði að væntingar væru á lofti um að hafa Snæfellsstofu opna í apríl og október því að hópar sem eru að koma með Norrænu eru tvo daga í viku haust og vor og skapa veltu. 12.500 gestir voru í Snæfellsstofu 2013. Hjalti tók undir að vonir stæðu til að alls staðar væri hægt að hafa gestastofur opnar helst allt árið.

Rósa kom inn á mikilvægi heilsársopnunar sem sýndi sig á Vesturlandi að skilaði meiru heldur en að vera með að loka yfir veturinn og hávetur skilaði jafnvel sömu tekjum og sumarmánuðir.

Þórhallur nefndi fækkunina sem orðið hefur í gistingu í Kverkfjöllum, verði meiri samdráttur þar er rekstrargrundvöllur fyrir skálanum hruninn hjá ferðafélögunum. Því væri slæmt ef ekki tækist að brúa árnar fyrir innan skálann í sumar til að halda gönguleiðum opnum. Umræður spunnust um þessa þróun. Menn voru sammála um að mikilvægt væri að greina hvað væri að valda fækkun á gestum í stöðum eins og Kverkfjöllum og Herðubreiðarlindum. Hjalti lagði til að menn færu frá þessum fundi með ákvörðun um að fara saman í slíka greiningu.

Einar ræddi um veghald í þjóðgarðinum og þær slóðir sem þarf að laga á austursvæði, s.s. Sauðakofaslóðina og minnti á ábyrgð veghaldara gagnvart þeim sem um slóðirnar fara. Hann kom einnig kom lítillaga inn á aukna friðun á Snapadalssvæðinu, sem er hlut af vestursvæði, og líka aðgengi að Sylgjujökli og inn að Kerlingu. Einar ræddi einnig öryggið sem væri mikilvægt að hafa í fyrirrúmi innan þjóðgarðs og þekking ferðafélaganna er eitt af því sem ekki má tapast við skálasvæðin.

Rósa sagði að í atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn væri tekið á leyfisveitingum þeirra ferðaþjónustuaðila sem störfuðu innan þjóðgarðs. Það ætti m.a. að auka öryggi ferðamannsins.

Skúli Björn sagði það afar mikilvægt út frá sjónarmiðum ferðabjónustunnar að greina breytta ferðahegðun en það væri líka mikilvægt að atriði eins og brú yfir Volgu hyrfu ekki heilu árin og því væri brýnt að finna lausn á því máli. Hann kom síðan inn á þá hugmyndafræði sem var við stofnun Þjóðgarðsins að hægt yrði að fela aðilum eins og ferðafélögum, gegnum þjónustusamninga, að sjá um landvörslu auk þjónustu á svæðum eins og í Kverkfjöllum þar sem áratugahefð væri fyrir því að eigendur skálanna gættu þessa svæðis. Hann sagðist hafa orðið fyrir vonbrigðum með þá þróun sem hefur orðið í Dreka og er að verða í Kverkfjöllum þar sem ferðafélögin og Þjóðgarðurinn eru að verða tveir aðskildir aðilar inni á þessum stöðum.

Ruth ræddi sérstöðu Kverkfjalla og það hve mikið öryggi væri af því að hafa göngurnar á jökul. Hún tók undir með Skúla Birni um að það væri afturför að samstarf við ferðafélögin væri að hverfa. Hún hefði sjálf upplifað það að vera landvörður í Kverkfjöllum og Öskju þegar menn voru að aftur að sameina þjónustuna hjá ferðafélögum og náttúruverndarráði. Það gætu verið aðstæður til svona aðskilrar starfsemi í framtíðinni þegar Þjóðgarðurinn væri orðinn öflugur en núna væri fjárskortur og ekki gott að þurfa að nýta þá litlu peninga sem eru til í aðstöðuuppbyggingu þar sem aðstaða er fyrir hendi. Hún nefndi opnun upplýsingamiðstöðvar í Möðrudal sem dæmi um brýnna verkefni.

Snorri sagðist kannast við þessa umræðu sem Skúli Björn opnaði og taldi að rétt væri að hlusta á hana því að þróunin í Dreka væri þvert á það sem rætt var um í upphafi.

Böðvar sagði að það væri engum ljúft hvernig komið væri í samvinnu Þjóðgarðs og ferðafélags í Dreka og búið að reyna margt áður en farið var í þann aðskilnað sem menn standa frammi fyrir nú.

Sigrún fór aðeins yfir þróun þessara mála á landsvísu varðandi samstarf kringum skálasvæði. Það samstarf hefur gengið upp og ofan gegnum árin en Kverkfjöll hafa ætíð verið til fyrirmyndar eftir því sem hún best veit.

Þórður skaut inn í umræðuna að við skála Ferðafélags Íslands hefði frá upphafi verið farin sú leið að hafa aðskilið landsvörslu og skálavörslu og það hefði reynst.

Hjalti kom inn í þessa umræðu og sagði að síðustu fimm árin í fjárlagafrumvarpi hafi verið skelfileg fyrir Þjóðgarðinn. Fjárbörfin innan Þjóðgarðs væri 4 milljarðar en 90 m.kr. væri það sem menn stæðu uppi með til framkvæmda í ár. Það þyrfti að fara að vinna marga litla sigra í þeim framkvæmdum sem víða er beðið eftir. Uppbygging hefði alls ekki verið í samræmi við þær væntingar sem búið var að byggja upp við stofnun garðsins.

Björn Ármann minnti á Möðrudal og upplýsingaþjónustu þar og rifjaði upp ályktanir svæðisráðs í þeim efnum sem hefur verið beint til stjórnar. Svæðisráð sendi erindi í vetur til sveitarfélaga á norðausturhorninu um samstarf við uppbyggingu á upplýsingamiðstöð í Möðrudal en því miður eru svörin fremur neikvæð.

Einar sagði það sína skoðun að ástæðan fyrir þessum litlu fjárveitingum sem væru til Þjóðgarðsins væri PR-mál og að „mannorð“ Þjóðgarðsins væri ekki gott meðal almennings.

Þórhallur kom inn á slóðamálin og veghald. Ekki síst væru slóðir á Snæfellsöræfum innan Þjóðgarðs viðhaldsbrýnar.

Hjalti tók við stjórn fundarins. Hjalti ítrekaði þann skilning sinn í lokin að varðandi Kverkfjöll yrði samstarf milli Þjóðgarðsins, ferðafélaga og sveitarfélaga um að greina vandann. Þjóðgarðurinn gæti haft frumkvæðið en samstarf og samábyrgð yrði að vera til staðar. Hann þakkaði svæðisráði fyrir góðan fund og málefnalega umræðu um mikilvæg mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14.35.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir

Þórhallur Þorsteinsson

Einar Kr. Haraldsson